



Njarðvíkurskóli

2026

-

2027

Lestu meira, lestu betur
Hvað get ég gert?

Hagnýt ráð
fyrir forráðamenn

Læsi í krafti forráðamanna

Mikilvægt er að öll börn fái tækifæri til að eiga daglega lestrarstund til loka grunnskóla.

Forráðamenn verða að vera virkir í læsisuppeldi barna sinna og fylgjast með framvindu og árangri í lestrarfærni.

Markmið með heimalestri er að börn auki leshraða sinn og bæti við orðaforða og málskilning.

Góð þjálfun verður aldrei ofmetin. Hún er grunnur læsis og því er mikilvægt að lesa daglega bæði í skóla og heima.

Hlutverk forráðamanna er að styðja við lestrarnám barna sinna.

Mikilvægt að útskýra textann og athuga hvort barnið hafi skilið það sem það las eða það sem lesið var fyrir það.

Nauðsynlegt er að fullorðinn aðili sitji alltaf hjá barninu og fylgist með lestrinum og leiðrétti þegar orð eru lesin rangt og hrósa þegar rétt er lesið.

Nemendur sem eru að ná tókum á grunnfærni í lestri þurfa reglulega endurgjöf á heimalestur frá forráðamönnum og kennurum.

Til að viðhalda færninni þurfa nemendur að lesa reglulega, bæði upphátt og í hljóði.



Orð eru verkfæri hugsunarinnar

Pegar börn eru að byrja að
lesa geta eftirfarandi leiðir
verið hjálplegar.

- Lesið textann saman í kór.
 - Forráðamaður les eina línu fyrst og barnið þá næstu, þegar komið er niður síðuna er byrjað aftur og er skipt um hlutverk.
 - Forráðamaður les síðuna og barnið á eftir.
 - Barnið les síðuna fyrst og forráðamaður á eftir (hjálp barninu við lesskilning í upphafi).
 - Ræðið saman um söguna að lestri loknum til að tryggja að barnið hafi skilið rétt.
 - Að lesa upphátt fyrir barnið er ein besta leiðin til að vekja áhuga þess á lestri.
 - Lesið eins oft með barninu og mögulegt er.
-

- Lestrarnám tekur tíma og börn þurfa æfingu og stuðning til að ná góðri færni,
- Hvetjið barnið til að hlusta á eigin lestur. Hlustunin hjálpar því að heyra eigin mistök og að lagfæra þau.
- Sýnið barninu að ykkur finnst bókin skemmtileg með því að sýna áhuga og spyrja spurninga.
- Að ræða við barnið um sögu eða bók hjálpar því að skilja efnið og tengja það við eigin reynslu. Það hjálpar líka við að auka orðaforða barnsins.

Læsisstefna Njarðvíkurskóla
-læsismenning og verklag-



Menntun - Mannrækt

Skólaárið 2026-2027

Mikilvægar vefslóðir

- Aðalnámskrá grunnskóla – þar koma fram hæfniviðmið, markmið og leiðir til að styðja við lestrarnám barna.

Aðalnámskrá grunnskóla er aðgengileg á vef <https://www.adalnamskra.is/>

- Læsisstefna Njarðvíkurskóla má nálgast á heimasíðu skólans.
- Viðtöl og myndir um læsi <https://www.lesummeira.is/>

Hljóðaaðferðin: Kenndir eru bókstafirnir í íslenska stafrófinu, hljóð þeirra og tákn. Fyrst eru kenndir nokkrir bókstafir og síðan er næsta skref að tengja saman hljóðin og mynda með þeim mælt mál sem felur í sér orð og síðan setningar.

Samlestur: Ákveðið efni er valið og lesið saman. Unnið er með lykilhugtök, orð og orðmyndir. Samlestur eykur orðaforða og lesskilning.

Bergmálslestur: Forráðamaður les og barnið les strax á eftir sama texta.

Leiðbeinandi lestur og stuðningur:

Forráðamaður les afmarkaðan texta fyrir barnið. Barnið æfir sig að lesa textann í hljóði eða lágt og reynir að líkja eftir lestrarlagi forráðamanns. Að lokum les barnið textann upphátt. Forráðamaður leiðbeinir og leiðréttir ásamt því að hvetja barnið áfram.

Orðhlutaleið (t.d. 100 alg. orðin): Barnið festir í minni útlit ýmissa smáorða/algengra orða og þjálfast í að lesa orðin leiftursnöggt.


Raddlestur: Barnið les upphátt. Raddlestur þjálfar barnið í lestri, framsögn og hlustun.

Spil og leikir: Á yngstu stigum eru spil og leikir mikilvægar kennsluaðferðir til þess að þjálfra bókstafi, hljóð þeirra og tákn, orð og orðmyndir.


Það er gott að lesa: Lestrarlagið – Það er gott að lesa
<https://www.youtube.com/watch?v=UMqi4FRTE4Y>

Að hlusta og lesa:

Að hlusta á hljóðbók samhliða lestri er góð æfing í sjálfvirkum lestri. Margar bækur er hægt að nálgast sem hljóðbækur inni á <https://mms.is/> og á rafbókasafni Bókasafns Reykjanesbæjar.



Hagnýt ráð og lesskilningur



Ráð til að aðstoða barnið að hafa ánægju af lestri.

- Leyfðu barninu að velja bækur, jafnvel þótt þér þyki þær of léttar. Það styrkir sjálfstraust og gefur barninu kjark til að velja erfiðari bækur.
- Lestur og ritun eru aðeins hluti af því að vekja áhuga barnsins á spennandi viðfangsefnum. Spilaðu við barnið skák, leystu með barninu krossgátur, spilaðu á spil og leikið saman tölvuleiki.
- Vertu í sambandi við kennara barnsins. Ræddu við hann um stöðu barnsins í lestri og ritun og fáðu leiðbeiningar með hvaða hætti þú getir haft áhrif á að barnið þitt bæti sig í lestri.
- Vertu vakandi yfir áhugamálum barnsins og láttu áhuga á íþróttum og tónlist verða ástæðu til lestrar. Útvegaðu bækur og blöð sem fjalla um efni sem barninu þykir spennandi og skemmtileg.
- Veraldarvefurinn er hlaðinn efni sem höfðar til barnsins. Gættu öryggis og að foreldravörn sé virk.
- Sýndu jákvæð viðbrögð daglega. Klapp á bakið, jákvæð örvun og hvatning gerir barnið þitt áhugasamari um lestur.

Láttu barnið vita, hve stolt/ur þú ert af því 😊